

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2021

frá 11. júní 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 frá 28. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um staðlaða hugtakanotkun Sambandsins yfir dæmigerðustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/33 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir gjaldayfirlitið og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 221, 31.8.2018, bls. 3.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/34 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarsnið fyrir gjaldskrána og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB ⁽⁴⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 221, 31.8.2018, bls. 3.
- 5) Í tilskipun 2014/92/ESB eru ákvæði um rétt neytenda með löglega búsetu í Sambandinu, þ.m.t. einstaklingar sem sótt hafa um hæli. Stefna í mál-efnum innflytjenda er ekki hluti af gildissviði EES-samningsins og samningurinn gildir ekki um ríkisborgara þriðju landa.
- 6) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 214).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 3).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 37).

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 16ee (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1423) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„16f. **32014 L 0092**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 214).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríki/n og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
- b) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 í tilskipuninni ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31g í þessum viðauka.
- c) Skilja ber vísanir til laga Sambandsins í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21. gr. sem vísanir til EES-samningsins.
- d) Í 3. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) 3. mgr. gildir ekki,
 - ii) í 5. mgr. koma orðin „ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021“ í staðinn fyrir orðin „framselda gerðin, sem um getur í 4. mgr.“.
- e) Í 15. gr. gilda orðin „eða af neinni annarri ástæðu sem um getur í 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi“ ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- f) Í 2. mgr. 16. gr. orðast „sáttmálunum“ sem „EES-samningnum“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- g) Í 1. mgr. 27. gr. orðast „18. september 2018“ sem „18. september 2022“, að því er varðar EFTA-ríkin.

- h) Í b- til d-lið 2. mgr. 29. gr. orðast „gildistöku framseldu gerðarinnar sem um getur í 4. mgr. 3. gr.“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021“ að því er EFTA-ríkin varðar.

16fa. **32018 R 0032**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 frá 28. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um staðlaða hugtakanotkun Sambandsins yfir dæmigerðustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum (Stjtið. ESB L L 6, 11.1.2018, bls. 3).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við viðaukann:

„ÍSLAND

Íslenska

Hugtak	Skilgreiningar
Rekstur reiknings	Reikningsveitandi rekur reikninginn til þess að viðskiptavinur geti haft af honum afnot.
Útvegun debet-korts	Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist reikningi viðskiptavinar. Fjárhæð hvernar færslu sem gerð er með kortinu er tekin beint og að fullu af reikningi viðskiptavinar.
Útvegun kredit-korts	Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist greiðslureikningi viðskiptavinar. Heildarfjárhæð færslu sem gerð er með kortinu á tilteknu samþykktu tímabili er dregin annaðhvort að fullu eða að hluta af greiðslureikningi viðskiptavinar á ákveðnum degi. Það ræðst af lánasamningi milli reikningsveitanda og viðskiptavinar hvort viðskiptavinurinn greiðir vexti fyrir lántökuna.
Yfirdráttur	Reikningsveitandi og viðskiptavinur koma sér saman um það fyrirfram að viðskiptavinur geti fengið lánað fé þegar engin innstæða er eftir inn á reikningnum. Í samkomulaginu er ákveðið hver hámarksfjárhæðin er sem hægt er að taka að láni og hvort gjöld og vextir verða innheimt af viðskiptavininum.

Millifærsla	Reikningsveitandi millifærir peninga samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af reikningi viðskiptavinar inn á annan reikning.
Reglulegar millifærslur	Reikningsveitandi millifærir reglulega samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar fasta fjárupphæð af reikningi viðskiptavinar inn á annan reikning.
Beingreiðsla	Viðskiptavinur heimilar einhverjum öðrum (viðtakanda) að beina því til reikningsveitanda að millifæra fé af reikningi viðskiptavinar til viðtakandans. Reikningsveitandi millifærir þá fé til viðtakandans á þeim degi eða dögum sem viðskiptavinur og viðtakandi hafa sammælt um. Fjárhæðin getur verið breytileg.
Úttekt reiðufjár	Viðskiptavinur tekur reiðufé út af reikningi sínum.

LIECHTENSTEIN

Þýska

Hugtak	Skilgreiningar
Kontoführung	Der Kontoanbieter führt das Konto, das durch den Kunden genutzt wird.
Bereitstellung einer Debitkarte	Der Kontoanbieter stellt eine Zahlungs-karte bereit, die mit dem Konto des Kunden verbunden ist. Der Betrag jeder Transaktion, welche durch die Verwendung der Karte ausgelöst wurde, wird direkt und in voller Höhe dem Konto des Kunden belastet.
Bereitstellung einer Kreditkarte	Der Kontoanbieter stellt eine Zahlungs-karte bereit, die mit dem Konto des Kunden verbunden ist. Der Gesamtbetrag der Transaktionen, welche durch die Verwendung der Karte innerhalb eines vereinbarten Zeitraums ausgelöst wurde, wird zu einem bestimmten Termin in voller Höhe oder teilweise dem Zahlungskonto des Kunden belastet. In einer Kreditvereinbarung zwischen dem Anbieter und dem Kunden wird festgelegt, ob dem Kunden für die Inanspruchnahme des Kredits Zinsen berechnet werden.
Eingeräumte Kreditlimite	Der Kontoanbieter und der Kunde vereinbaren im Voraus, dass der Kunde sein Konto belasten kann, auch wenn kein Guthaben mehr auf dem Konto ist. In der Vereinbarung wird festgelegt, in welcher Höhe

	maximal das Konto in diesem Fall noch belastet werden kann und ob dem Kunden Entgelte und Zinsen berechnet werden.
Überweisung	Der Kontoanbieter führt auf Anweisung des Kunden Geldüberweisungen von dem Konto des Kunden auf ein anderes Konto durch.
Dauerauftrag	Der Kontoanbieter überweist auf Anweisung des Kunden regelmässig einen festen Geldbetrag vom Konto des Kunden auf ein anderes Konto.
Lastschrift	Der Kunde ermächtigt eine andere Person (Empfänger) den Kontoanbieter anzuweisen, Geld vom Konto des Kunden auf das Konto des Empfängers zu übertragen. Der Kontoanbieter überträgt dann zu einem oder mehreren von Kunde und Empfänger vereinbarten Termin(en) Geld von dem Konto des Kunden auf das Konto des Empfängers. Der Betrag kann unterschiedlich hoch sein.
Bargeldauszahlung	Der Kunde hebt Bargeld von seinem Konto ab.

NOREGUR

Norska

Hugtak	Skilgreiningar
Forvaltning av konto	Kontotilbyderen sørger for driften av kontoen som kunden benytter.
Utstedelse av debetkort	Kontotilbyderen utsteder et betalingskort som er knyttet til kundens konto. For hver transaksjon som gjennomføres med kortet, trekkes det fulle beløpet direkte fra kundens konto.
Utstedelse av kredittkort	Kontotilbyderen utsteder et betalingskort som er knyttet til kundens betalingskonto. Det fulle beløpet for de transaksjonene som er gjennomført med kortet gjennom en avtalt periode, trekkes enten helt eller delvis fra kundens betalingskonto på en dato som er avtalt på forhånd. En kredittavtale mellom kontotilbyderen og kunden avgjør om kunden vil bli pålagt renter for denne kreditten.
Kredittmulighet	Kontotilbyderen og kunden inngår på forhånd en avtale om at kunden kan låne penger når det ikke er penger igjen på kontoen. Avtalen fastsetter et maksimums-

	beløp som kan lånes, og om kunden vil bli pålagt gebyrer og renter.
Kontobetaling	På kundens anmodning overfører kontotilbyderen penger fra kundens konto til en annen konto.
Faste betalingsoppdrag	På kundens anmodning overfører kontotilbyderen regelmessig et bestemt beløp fra kundens konto til en annen konto.
Direktebelastning	Kunden tillater at en annen (mottakeren) kan be kontotilbyderen om å overføre penger fra kundens konto til denne mottakeren. Kontotilbyderen overfører deretter penger til mottakeren på den datoen eller de datoene som kunden og mottakeren har avtalt. Beløpet kan variere.
Uttak av kontanter	Kunden tar ut penger fra sin konto.

“

16fb. **32018 R 0033**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/33 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir gjaldyfirlitið og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 26), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 221, 31.8.2018, bls. 3.

16fc. **32018 R 0034**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/34 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarsnið fyrir gjaldskrána og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 37), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 221, 31.8.2018, bls. 3.“

2. gr.

Texti tilskipunar 2014/92/ESB, framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/32 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/33, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 221, 31.8.2018, bls. 3, og (ESB) 2018/34, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 221, 31.8.2018, bls. 3, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.